

Geðhjálp segir niðurskurð fyrirhugaðan

Engar ákvarðanir teknar, segir forstjóri spítalanna

„BOÐADUR hefur verið stórfelldur niðurskurður á geðdeildum. Á sama tíma og opin umræða er meðal almennings um þjóðaráttak gegn þunglyndi ræða heilbrigðisfyrirvöld bak við tjöldin um skerðingu á geðheilbrigðisþjónustu. Skerðingu sem mun snerta fjölda þunglyndissjúklinga.“

Ofangreint kemur fram í frétt frá Péttri Haukssyni, formanni Geðhjalpar, og Ingólfi H. Ingólfssyni, framkvæmdastjóra Geðhjalpar, sem barst Morgunblaðinu í gær. Segir þar jafnframt að stjórnvöld hafi boðað að geðdeild Sjúkrahúss Reykjavíkur (SHR) þurfi að skera niður um 100 milljónir miðað við rekstur síðasta árs.

Ingibjörg Pálmadóttir heilbrigðisráðherra og Magnús Pétursson, forstjóri Ríkisspítalanna, mótmæla þessum staðhæfingum.

Magnús segir að þessar yfirlýsingar forsvarsmanna Geðhjalpar séu algjörlega ótímabærar og stormur í glasi. „Það er rangt hjá þeim að stjórnvöld hafi boðað niðurskurð, það eru sjúkrahúsin sjálf sem þurfa að fjalla um þessi mál,“ segir Magnús. Hann segir að sjúkrahúsin í Reykjavík standi

frammi fyrir því að halda sig innan fjárlaga og nú sé verið vinna að rekstraráætlun ársins sem tilbúin verði í lok mánaðarins.

Í frétt Geðhjalpar segir ennfremur svo um ætlaðan niðurskurð á SHR: „Sjúkrahúsinu í heild er gert að spara 260 milljónir. Geðdeildirnar kosta 410 millj. á ári, þar af eru 200 millj. bundnar í rekstur Arnarholts. Skurðeildin kostar aftur á móti 1.300 millj. á ári en þarf ekki að skera niður. Þetta sýnir að forðomar gegn geðsjúkdómum eru meiri en áður var talið.“

Forstjóri spítalanna segir svo um það atriði, að nú sé verið að fara yfir alla starfsemi og rekstur spítalanna, geðdeildir jafnt sem aðrar, en engar ákvarðanir hafi verið teknar um niðurskurð. Benda mætti hins vegar á að stjórnvöld hafi gert sér far um að bæta aðstöðu geðsjúkra á síðustu misserum.

Óviðeigandi að halda slíku fram

Í yfirlýsingu frá Ingibjörgu Pálmadóttur heilbrigðisráðherra segir að stjórnvöld hafi hvorki boðað né lagt á ráðin um 100 milljóna króna niðurskurð á geðdeild

Sjúkrahúss Reykjavíkur eins og forráðamenn Geðhjalpar hafi haldið fram. „Það er afar óviðeigandi að halda slíku fram og tengja til dæmis við sjálfsvígstílaunir, eins og gert er í fréttatilkynningu frá Geðhjalp. Heilbrigðisráðherra þykir miður að félagasamtökin Geðhjalp skuli beita sér með þessum hætti,“ segir í yfirlýsingu ráðherra.

Heilbrigðisráðherra bendir á að lögð hafi verið áhersla á að treysta fjárhag stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík, sérstaklega síðustu tvö árin. Bent er á að framlög til sjúkrahúsanna tveggja hafi árið 1998 átt að vera 13,9 milljarðar króna en hafi orðið í raun 15,3 milljarðar. Í fyrra hafi framlög verið áætluð 15,3 milljarðar en þau hafi fengið 16,6 milljarða. Í ár geri fjárlög ráð fyrir 17,4 milljarða króna framlagi og við þá upphæð bætist 660 milljónir vegna stofnkostnaðar.

„Af tölunum sést að það eru ófugmæli að halda því fram að fjárlög, eins og Alþingi hefur samþykkt þau, leiði til *geigvænlegs niðurskurðar á þjónustu við geðsjúka*, eins og lesa má út úr fréttatilkynningu Geðhjalpar,“ segir að lokum í yfirlýsingu heilbrigðisráðherra.